

27. maí 2023  
Korpúlfsstaðir, Reykjavík



## Aðalfundur Sambands Íslenskra Myndlistarmanna

**Fundur hefst kl 13:07**

**Mæting:** Anna Eyjólfss, formaður, Hlynur Helgason, aðalmaður, Thora Karlsdóttir, varamaður, Martynas Patreikis, verkefnastjóri og Lísía Attensperger, skrifstofustjóri.  
**Aðrir félagsmenn:** Guðrún Erla Geirsdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir, Guðrún Gerður Guðrúnardóttir, Heidi Strand, Viktoría Guðnadóttir og Rúrí.

Fundarstjóri er Hlynur Helgason  
Ritari er Lísía Attensperger

### **Dagskrá:**

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar
3. Stjórnarkosning
4. Kosning eins fulltrúa í sambandsráð sbr. 9. gr.
5. Kosning félagslegs skoðunarmanns og endurskoðanda til eins árs
6. Lagabreytingar
7. Ákvörðun félagsgjalda
8. Önnur mál

### **1. Skýrsla stjórnar**

#### Korpúlfsstaðir - menningarmiðstöð

- Hluti af framtíðarsýn Reykjavíkurborgar
  - Eiríkur og María Rut frá Reykjavíkurborg heimsóttu Korpúlfsstaði og gestavinnustofur
- Helstu verkefni:
  - Að ráða manneskju til þess að reka kaffihúsið og önnur verkefni
  - Laga gólf og fá hita í húsið
- Gera 3ja ára plan um framtíðarsýn hússins og möguleika

#### SÍM Residency

- Hefur tekist einkum vel þökk sé verkefnastjóra, Martynas Patreikis
  - Þar ber helst að nefna Nordic Culture point styrk sem prógrammið fékk í fyrra
- Þá hafa um 30 listamenn hafa flutt til Íslands erlendis frá eftir að hafa tekið þátt í residensíunni sem hefur haft gífurleg áhrif á umhverfi myndlistar á Íslandi

### Vefsíða og fréttabréf

- Breytingar hafa verið gerðar til þess að gera upplýsingar aðgengilegri
- Fréttabréf fer nú vikulega út á fimmtudögum með alls kyns upplýsingum um viðburði, tækifæri og annað áhugavert

### Samstarf við IAA

- Fundur í vetur þar sem rædd voru meðal annars höfundaréttarmál o.fl.
  - Mikilvægt að halda því samstarfi áfram
  - Ljóst er að mikill vilji er fyrir frekara samstarfi og spennandi verkefnum en takmarkanir á fjárstyrkjum standa í vegi fyrir það

### Ráðning starfsmanns á skrifstofu

- Lísu Björg Attensperger er nýr skrifstofustjóri SÍM og heldur utan um ýmis verkefni s.s. gerð fréttabréfs og vefsíðu, sýningarrými á Hafnarstræti og Korpúlfsstöðum o.fl.
- **Skrifstofan er opin alla virka daga milli 12 og 16**

### Aðildarfélag

- Hafa fundað 3-4 sinnum á ári sem hefur borið árangur í betra samtali þeirra á milli og aukið upplýsingaflæði sem er jákvætt fyrir alla aðila

### Fundargerðir

- Fundargerðir stjórna munu birtast á vefsíðunni frá og með fyrsta fundi nýrrar stjórnar
- Einnig verða ársskýrslur fagfélaganna aðgengilegar undir sér lið á vefsíðunni

### Starfslaun listamanna

- Alltaf í samtali og reynt að hækka þau eins og hægt er

### Við borgum listamönnum

- Öll stóru listasöfnin hafa samþykkt
- Listasafn Reykjavíkur tekur forystu sem hin söfnin bera sig saman við

### Listskreytingasjóður

- Færast undir Myndlistarmiðstöð
- Hefur aldrei verið gengið almennilega frá sjóðnum

### Heiðurslaun Alþingis

- Hefur enn ekki tekist að fá í gegn en er í ferli

### Framtíðarsýn

- Halda áfram með portfólíó viðtöl - í samtali
- Málþing á Korpúlfsstöðum - fjalla um ýmis mál innan geirans
- Verkefnasjóður í þágu myndlistarmanna - komnar nokkrar milljónir
- World Art Day / mánuður myndlistar
  - Samstarfsverkefni IAA / UNESCO
  - Haft verður samband við alla skóla og leikskóla um þátttöku í byrjun skólaárs

### Torg listamessa - verður haldin 13.-23. október 2023

- Listamönnum á Hólmaslóð verður boðið að sýna saman á vegg eins og listamenn á Seljavegi í fyrra
- Nýtt: Útskriftarnemum úr LHÍ verður boðið að sýna saman í bás
- Nýtt: Fagfélögunum verður boðið að sýna á kaffihúsinu á Hlöðuloftinu á meðan að á Torginu stendur til þess að sýna verk eftir einn heiðursfélaga
  - FÍM, elsta félagið, byrjar í október 2023

### Styrkir

- Torg Listamessa fékk 1,5 milljón

### Helstu markmið:

- Halda áfram að efla það starf sem þegar er til staðar
- Efla áhuga unga fólksins og stuðla að aukinni endurnýjun í SÍM

### Umræður:

- Sendiráð og sendiherrabústaðir erlendis - borga ekki listamönnum
- Málþing í samstarfi við Myndlistarmiðstöð til þess að ná betur til unga fólksins
- Rafræn félagsskírteini - gengur erfiðlega að nota erlendis
  - Gera könnun hvernig gengur að nota skírteinið í samanburði við hitt skírteinið
- Skylduopnun í SÍM salnum á laugardögum - laugardagar eru mikilvægustu dagarnir fyrir heimsóknir á söfn og gallerí

## **2. Reikningar**

Tillaga borin upp um frestun þessa liðar vega þess að ekki hefur náðst í endurskoðanda. Framhaldsaðalfundur til samþykktar reikninga verði haldinn á zoom í síðari hluta ágúst eða byrjun september. **Samþykkt af öllum viðstöddum.**

Fundarboð verður sent með fréttabréfi á alla félagsmenn.

## **3. Stjórnarkosning**

Kjörtímabili Hildar Elísu Jónsdóttur, Péturs Thomsen og Elísabetar Stefánsdóttur lýkur vorið 2023. Pétur og Elísabet bjóða sig jafnframt fram til áframhaldandi setu í stjórn.

**Stjórnin þakkar Hildi fyrir vel unnin störf í þágu SÍM og óskar henni góðs gengis í áframhaldandi verkefnum.**

Thora Karlsdóttir, núverandi varamaður, býður sig fram sem aðalmaður í stjórn SÍM. Þá býður Soffía Sæmundsdóttir sig fram sem nýr varamaður. Kjörtímabil hennar er eitt ár.

Kjörtímabil Önnu Eyjólfs, Hlyns Helgasonar og Freyju Eilífar lýkur vorið 2024.

**Þar með er ný stjórn SÍM sjálfkjörin til ársins 2024.**

4. **Kosning eins fulltrúa í sambandsráð sbr. 9. gr.:** Guðrún Erla Geirsdóttir. Öll atkvæði.
5. **Kosning félagslegs skoðunarmanns og endurskoðana til eins árs:** Guðrún Erla Geirsdóttir. Öll atkvæði.
6. **Lagabreytingar**

Lagt er til breytinga á grein 1 og 3 sem hér segir:

1. grein. *Samband íslenskra myndlistarmanna, SÍM, er hagsmunafélag myndlistarmanna.*  
**Tillaga samþykkt af öllum viðstöddum.**

3. grein. *Tilgangur og markmið Sambands íslenskra myndlistarmanna er:*
- a. *að vera málsvari allra myndlistarmanna,*
  - b. *að efla starfsgrundvöll þeirra og kjör,*
  - c. *að gæta hagsmuna þeirra og réttar,*
  - d. *að standa vörð um tjáningarfrelsi þeirra og höfundarrétt,*
  - e. *að vera virkur fulltrúi þeirra í alþjóðasamstarfi.*

Ábendingar varðandi lið d): Lagt hefur verið til að fella út klausu um höfundarrétt þar sem það fellur undir lið c) *að gæta hagsmuna þeirra og réttar.* Liður d) er þá svo hljóðandi: *að standa vörð um tjáningarfrelsi.* **Tillaga samþykkt af öllum viðstöddum.**

## **7. Ákvörðun félagsgjalda**

Núverandi félagsgjald er 24.000

Tillaga að hækkun: 26.000 kr. **Samþykkt af öllum viðstöddum.**

## **8. Önnur mál**

Til skoðunar að gefa ný útskrifuðum myndlistarmönnum afslátt af félagsgjaldi fyrstu 3 árin. Einnig til skoðunar eru umsóknir um aðild að SÍM frá fagfólki á myndlistarsviði s.s. sýningarstjórar og aðrir sem starfa virkt í myndlist.

Aðalfundur stefnir til félagsfundar í haust til þess að ræða ofangreind mál. Nánari dagsetning verður birt síðar.

Ball verður haldið á Korpúlfsstöðum í október 2023 fyrir alla félagsmenn. Nánari dagsetning birt síðar.

Formaður leggur til að uppboð á listaverkum félagsmanna verði í október á þessu ári. Nánari dagsetning birt síðar.

**Fundi slitið kl 14:13**